



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. október 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025, 234. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025, 234. mál.

Samtökin fagna þingsályktunartillögunni og telja hana fela í sér ákveðin tímamót fyrir íslenskt atvinnulíf. SI hafa um árabíl bent á mikilvægi þess að stjórnvöld leggi áherslu á eflingu hugverkaiðnaðar, þar sem fjárfesting í nýsköpun og vöxtur hugverkaiðnaðar mun skipta sköpum fyrir framtíðarlífskjör á Íslandi, bæði með auknum útflutningi en einnig með því að draga úr sveiflum í íslensku hagkerfi. SI hafa unnið markvisst starf í að auka skilning í samfélaginu á mikilvægi nýsköpunar og hugverkaiðnaðar og lagt fram fjölmargar tillögur til stjórnvalda á undanförunum árum um bætt og öflug skilyrði fyrir nýsköpun á Íslandi. Í greiningu SI frá árinu 2020 var hugverkaiðnaður skilgreindur og rammaður inn sem útflutningsgrein og árið 2021 fjölluðu SI um að hugverkaiðnaður gæti orðið ein stærsta útflutningsgreinin á þessum áratug. Á Iðnþingi samtakanna fyrr á þessu ári var því svo spáð að hugverkaiðnaður yrði verðmætasta útflutningsstoðin innan örfárra ára. Samtökin fagna því eindregið að stjórnvöld stefni að því að svo verði og leggi til markvissar aðgerðir þar að lútandi. Markvissir og fyrirsjáanlegir skattahvatar vegna rannsókna og þróunar, skilvirkt starfsumhverfi, öflug fjarskipti og aukið framboð af hæfum mannauði eru á meðal forsendna þess að svo geti orðið.

Umrædd þingsályktunartillaga snertir iðnað umfram aðrar atvinnugreinar og sendu SI ítarlega umsögn um tillöguna þegar málið var í samráðsgátt Stjórnarráðsins á sínum tíma. Vert er að taka fram að tekið hefur verið tillit til allra helstu athugasemda samtakanna við vinnslu málsins. SI vilja því þakka faglegt samráð við vinnslu þingsályktunartillögunnar en samtal milli stjórnvalda og atvinnulífs er grundvallarforsenda þess að markmiðum þingsályktunartillögunnar verði náð.

Samtökin styðja þingsályktunartillöguna heilshugar. SI óska eftir því að fá tækifæri til þess að koma fyrir nefndina og fylgja eftir þessu mikilvæga hagsmunamáli fyrir íslenskan iðnað.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka iðnaðarins,

Nanna Elísa Jakobsdóttir

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði